



VIÐAUKI MEÐ PRÓFSKÍRTEINI (*)



1. STARFSHEITI, HEITI STARFSGREINAR EÐA NÁMSBRAUTAR

Snyrtifræðingur, snyrtifræði

2. ÞÝTT HEITI SKÍRTEINISINS (EN)

Beauty therapist

Þessi þýðing hefur ekkert lagalegt gildi.

3. LÝSING Á KUNNÁTTU OG FÆRNI

Handhafi

- greinir húð í andliti og á líkama, yfirborðs- og djúphreinsar og veitir sænskt nudd og spa-meðferðir. Fjarlægir andlits- og líkamshár, fjarlægir filapensla úr húð og setur á andlitsmaska. Þekkir ilmólíur og notkun þeirra
- mótár og litar eða fjarlægir lit á augnhárum og augabrúnum og getur blandað liti og vetnisperoxíð
- veitir hand- og fótanudd, fjarlægir sigg og dauða húð. Mótár og snyrtir neglur og naglabönd og lakkar neglur
- farðar fyrir mismunandi tilefni, hefur tileinkað sér litafræði og þekkir sögu förðunar
- þekkir eiginleika fagtengdra efna, getur beitt hitameðferð og notað viðeigandi rafmagnstæki. Gætir varúðar við meðferð og notkun efna og áhalda
- hefur grunnþekkingu á lífeðlisfræðilegri uppbyggingu handa, fóta, hárs og vöðva, einnig á húðsjúkdómum og ofnæmisviðbrögðum. Þekkir einkenni sykursýki 1 og 2
- útskýrir árangur meðferðar fyrir viðskiptavini og veitir ráðgjöf um framhalds- og eftirmeðferð. Vísar viðskiptavini til meðferðar hjá öðrum sérfræðingum í samræmi við eigin greiningu
- er nærgætinn og veitir persónulega þjónustu í samræmi við greiningu á þörfum viðskiptavinar hverju sinni en tekur jafnframt fullt tillit til óska hans
- fer eftir lögum og reglugerðum um hreinlæti, öryggi, vinnuvernd og forvarnir, réttindi og skyldur. Getur veitt skyndihjálp.
- gætir þagmælsku og er meðvitaður um faglega og siðferðilega ábyrgð sína
- er sjálfstæður í vinnubrögðum og ber ábyrgð á eigin verkum.

4. STARFSSVIÐ SEM SKÍRTEINISHAFI HEFUR AÐGANG AÐ

Snyrtifræðingar starfa á snyrtistofum og í verslunum sem selja snyrtivörur. Þeir greina gerð og ástand húðar, greina þarfir einstaklinga fyrir meðferð eftir ástandi húðar, veita alhliða nudd eftir ólíkum nuddkerfum, snyrta líkama, hendur, fætur og andlit fólks, lita augnhár og augabrúnnir. Þeir eyða óæskilegum hárvexti með ýmsum aðferðum, setja á gervineglur og farða einstaklinga með hliðsjón af aldri, þörfum og tilefni. Snyrtifræðingar leiðbeina fólki um val á snyrtivörum, um notkun þeirra og um almenna umhirðu húðar. Rétt til starfa í snyrtifræði hafa þeir sem leyst hafa til sín sveinsbréf í snyrtifræði sem atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra gefur út.

(*) Skýringar

Þessu skjali er ætlað að veita nánari upplýsingar um tilgreint skírteini en hefur sem slíkt ekkert lagalegt gildi. Framsetning þessarar lýsingar byggist á eftirtöldum textum: Ályktun ráðsins 93/C 49/01 hinn 3. desember 1992 um gagnsæi hæfnikrafna, Ályktun ráðsins 96/C 224/04 hinn 15. júlí 1996 um gagnsæi prófskírteina í starfsmenntun og Tilmælum Evrópuþingsins og ráðsins 2001/613/EC hinn 10. júlí 2001 um ferða- og dvalarfrelsi innan Evrópusambandsins fyrir námsmenn, þá sem eru í þjálfun, sjálfbodaliða, kennara og leiðbeinendur.

Nánari upplýsingar fást hjá: www.cedefop.eu.int/transparency

© Evrópusambandið 2002

5. LÖGFORMLEG ATRIÐI

Nafn og staða stofnunar er gefur út skírteinið Framhaldsskóli á Íslandi sem starfar á grundvelli laga um framhaldsskóla og aðalnámskrár framhaldsskóla sem mennta- og menningarmálaráðherra gefur út.	Nafn og staða stjórnvalds lands eða svæðis sem annast vottun eða staðfestingu skírteinisins Mennta- og menningarmálaráðuneytið
Menntunarstig skírteinisins (í landinu eða alþjóðlega) Framhaldsskólastig Isced 3 Íslenski hæfniramminn (ISQF) 3. þrep – EQF 4. þrep	Einkunnakvarði/ Kröfur til að standast próf 1-10 Lágmarkseinkunn 5.
Dæmi um áframhaldandi nám Viðbótarnám til stúdentsprófs	Alþjóðlegir samningar
Lagalegur grunnur Lög um framhaldsskóla nr. 92/2008 og reglugerð um sveinspróf nr. 698/2009. Iðnaðarlög nr. 42/1978 og reglugerð um löggiltar iðngreinar nr. 940/1999.	

6. UMFANG OG SKIPULAG MENNTUNAR

Meðalnámstími er fjögur ár og á þeim tíma er námi og kennslu hagað sem hér segir: nám í skóla í sex annir, námstími samtals 108 vikur að próftíma meðtöldum. Vinnustaðanám er samtals 40 vikur. Náminu lýkur með sveinsprófi.

Inngönguskilyrði

Grunnskólapróf

Viðbótarupplýsingar

Frekari upplýsingar er að finna á:

www.menntamalaraduneyti.is

Upplýsingamiðstöð í landinu

Mennta- og menningarmálaráðuneytið, www.menntamalaraduneyti.is